

þannig að skerðing umfram framangreind mörk verði að fullu bætt. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við samsetningu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og úthlutað þannig til einstakra skipa.

8. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiárið er hófst 1. september 1991 og hins vegar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips af hverri tegund eins og hún var hinn 21. maí 1993. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan hvers fiskveiðiárs. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs á árinu 1992 sbr. lög nr. 4/1992, um breyting á lögum nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 290/1992, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993. Sú hlutfallslega breyting sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur skal lögð til grundvallar við úthlutun samkvæmt 7. gr.

V. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1993.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 19. maí 1993.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.